



Samstarf við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra

Foreldrar eru afar mikilvægur hlekkur í skólastarfinu. Í okkar augum er góð samvinna á milli foreldra og starfsmanna skólans forsenda góðrar framvindu í skólastarfinu. Viðhorf foreldra eru mikils metin.

Ánægjulegar niðurstöður viðhorfskönnunar meðal foreldra

Skólaveturinn 2019 – 2020 lagði Skóla- og frístundasvið fyrir viðhorfskönnun meðal foreldra. Hægt er að nálgast niðurstöður á hleknum:

<http://sm.tjarnarskoli.is/skrar/nidurstodur-foreldrakonnunar/niurstur-foreldraknnunar-tjarnarskli.pdf>. Niðurstöður eru afar jákvæðar fyrir skólann.



Haustfundir með foreldrum

Við upphaf skólastarfsins höldum við fundi með foreldrum. Á þeim fundum er farið yfir ýmis hagnýt atriði, nýir foreldrar fá upplýsingar um Tjarnarskólabraginn, matarmál eru ávallt á döfinni og á þessum fundum tilnefna foreldrar fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins og bekkjarráð. Skólastjóri kallar síðan saman stjórn foreldrafélagsins þar sem hópurinn skiptir með sér verkum. Á hverju hausti kjósa foreldrar einnig einn fulltrúa í skólaráð Tjarnarskóla.

Árlegur viðburður af hálfu foreldrafélagsins er jólaföndur í lok nóvember. Þá hittast fjölskyldur Tjarnskælinga síðdegis og njóta samverunnar með jólaívafi. Þá nýta 10. bekkingar gjarnan tækifærið og bjóða upp á veitingar á vægu verði en afrakstur rennur í ferðasjóð nemenda sem fara að vori til Danmerkur.

Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir leikhúsferðum og komið með ýmsar góðar ábendingar í skólastarfiinu. Foreldrar koma gjarnan sem gestafyrirlesarar og segja frá starfsvettvangi sínum eða áhugamálum. Foreldrar hafa komið með góðar ábendingar/tillögur í þá veru að krydda skólastarfið. Nemendur hafa einnig leitað til foreldra fyrir árs hátíð skólans. Þá er óskað eftir liðsinni við að finna gjafir og viðurkenningar til þess að afhenda við þetta hátíðlega tækifæri. Foreldrar hafa lagt gott lið í þessum efnum. Foreldrar eru ómetanlegur hlekkur í að taka árlega á móti dönsku gestunum okkar sem gista heima hjá nemendum og fjölskyldum þeirra og njóta gestristni í heila viku. Foreldrafélagið

skipuleggur einnig árlegt vorgrill í Mæðragarðinum og stendur fyrir viðburðum s.s. spilakvöldum og keiluferðum.

Skólaráðið er einnig góður vettvangur fyrir foreldra að koma með góðar ábendingar og leggja lið í ákvarðanatöku.



Gott upplýsingastreymi til foreldra

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á að foreldrar og skólinn vinni saman að góðri námsframvindu hvers nemanda og velferð hans. Við leggjum afar mikið upp úr góðu upplýsingastreymi í þeim tilgangi að foreldrar og nemendur séu vel upplýstir um skólastarfið, nám og samskipti og vellíðan hvers nemanda.

Tölvupóstar eru sendir um ýmislegt sem tengist skólalífinu. Við leggjum okkur fram um að veita upplýsingar um skólalífið, viðburði, hagnýtar upplýsingar, fræðslu og fleira í þeim dúr. Ritari, skólastjóri og umsjónarkennarar sjá að mestu um þessa upplýsingagjöf.

Flísin „Viðburðir“ í Námfúsi er einnig notuð til þess að setja inn hvað er á döfinni í skólalífinu og fleira sem vert er að minna nemendur og foreldra á, s.s. heimsóknir, félagslíf, gestakomur, fyrirlestra, ferðalög og þess háttar.

Umsjónarkennarapóstar: Þeir eru að öllu jöfnu sendir einu sinni í viku. Í þeim fá foreldrar/forráðamenn sundurliðaðar upplýsingar um mætingu og ástundun nemandans. Upplýsingar af öllu mögulegu tagi, s.s. það sem er á döfinni í skólanum, það sem er hagnýtt að foreldrar fái vitnsekju um, nestismál, félagsmál og margt fleira má sjá í umræddum umsjónarkennarapóstum.

Fésbókarsíður eru einnig notaðar í þeim tilgangi að segja fréttir, veita upplýsingar og samgleðjast. Þar er einnig vettvangur til að veita upplýsingar eða skoðanir innbyrðis.

Foreldrar geta fengið skilaboð í gegnum Google Classroom um hvort nemandi hafi lokið/ekki lokið verkefnum. Kennarar geta einnig sent foreldrum skilaboð í tölvupósti í gegnum kerfið.

Heimasíðan okkar www.tjarnarskoli.is: Á henni eru settar inn fréttir af skólastarfinu, myndir og ýmsar hagnýtar upplýsingar. Þar birtast alls konar áætlanir, upplýsingar um sjálfsmat, skólanámskrá, starfsáætlanir og fleira sem lýtur að skólasamfélaginu okkar.

Skilboð í SMS eru stundum send í gegnum Námfús, bæði á nemendur og foreldra/forráðamenn. Hægt er að senda bæði á hópa og einstaklinga. Þessi skilaboðamáti hentar stundum prýðilega.


